

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. Hitaveita.

#### 1. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. (HEF) selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð um hitaveitu og hitalagnir HEF ehf.

#### 2. gr.

HEF lætur hverju húsi sem tengt er veitukerfi hennar í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir HEF og hitafletir séu nægjanlega stórir að mati HEF.

Einnig selur HEF afnot af heitu vatni til annarra nota en hitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

#### 3. gr.

HEF lætur notanda í þéttbýli í té vatnsmagn samkvæmt 1. og 2. gr. um rennslismæli sem HEF leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

HEF lætur notanda í dreifbýli í té vatnsmagn samkvæmt 4. gr. um hemil sem HEF leggur til og annast viðhald á. Hemill þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli hemilsins. Heimilt er að innheimta 40% af áætluðum vatnskaupum hjá þeim húseigendum sem ekki eru farnir að kaupa heitt vatn um heimæð 8 mánuðum eftir að hitaveitutenging er tilbúin til notkunar.

#### 4. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt 2% af smásöluverði á heitu vatni. Virðisaukaskattur er 11% af vatni til húshitunar. Sérmeðl snjóbræðsla ber 24% virðisaukaskatt.

*Hitaveitugjöld fyrir þéttbýli.*

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

Heitt vatn um rennslismæli:

	<i>Kr.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Með 11% vsk.</i>	<i>Með 24% vsk.</i>	<i>Eining</i>
Fyrir hvern rúmmetra vatns	120,54	122,95	136,48	152,46	kr./m <sup>3</sup>
Hver rúmmetri vatns í lausasölu	241,08	245,90		304,92	kr./m <sup>3</sup>
Afgreiðslugjald frá kyndistöð	1.650,00			2.046,00	heild

Fast gjald er háð afköstum rennslismælisins, en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í fjóra flokka:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Kr. án vsk.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Með 11% vsk.</i>	<i>Eining</i>
15 mm	16.110	16.432	18.240	kr./ári
20 mm - 25 mm	35.750	36.465	40.476	kr./ári
32 mm - 50 mm	71.100	72.522	80.499	kr./ári
65 mm og stærri	98.990	100.970	112.077	kr./ári

*Hitaveitugjöld fyrir dreifbýli.*

Heitt vatn um rennismæli:

	<i>Kr. án vsk.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Með 11% vsk.</i>	<i>Eining</i>
Fyrir hvern m <sup>3</sup> /hemil *	122,60	125,05	138,81	kr./m <sup>3</sup>
Aukamælir/sami notandi	122,60	125,05	138,81	kr./m <sup>3</sup>
Mín.l á mánuði, lágmark 3 l	2.626,00	2.678,52	2.973,16	mín.l/mán
Mín.l á mánuði, umfram 3 l	2.098,00	2.139,96	2.375,36	mín.l/mán
(á við þar sem eingöngu er hemill)				

\* Rúmmetramæling á neysluvatni, á lögbýlum og þar sem er heilsársbúseta.

Fast gjald er háð afköstum rennismælisins, en óháð töxtum að öðru leyti.

<i>Stærð mælis</i>	<i>Kr.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Með 11% vsk.</i>	<i>Eining</i>
15 mm - 20 mm	22.730	23.185	25.735	kr./ári
25 mm	30.250	30.855	34.249	kr./ári

## 5. gr.

Þegar afnot af hitaveitunni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði einu sinni á ári, en notkun þess á milli áætluð. Heimilt er að fækka eða fjölga álestrum. Óski notandi þess að lesið sé á mæli hans utan reglubundins álestrartíma HEF greiðist álestrargjald 1.845 kr.

## 7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu ber gjaldanda að greiða hann þar sem HEF ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd á eindaga.

## 8. gr.

Heimæðargjöld HEF til húshitunar skulu miðast við brúttórúmmál húss skv. byggingarreglugerð og vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

*Heimæðargjöld í þéttbýli.*

Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðargjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðargjöld til annarra nota:

<i>Sverleiki pípu</i>	<i>Viðmiðunarstærð húsnaðis</i>	<i>Kr.</i>	<i>Með 11% vsk.</i>	<i>Með 24% vsk.</i>
20 mm	allt að 1.200 m <sup>3</sup>	321.260	356.599	398.362
25 mm	1.201 - 2.600 m <sup>3</sup>	447.612	496.849	555.039
32 mm	2.601 - 4.000 m <sup>3</sup>	672.979	747.077	834.494
40 mm	4.001 - 10.400 m <sup>3</sup>	1.019.746	1.131.918	1.264.485
50 mm	10.401 - 21.000 m <sup>3</sup>	1.583.379	1.757.551	1.963.390
65 mm	> 21.000 m <sup>3</sup>	2.092.876	2.323.092	2.595.166

Ef um sverari heimæðar er að ræða skal semja um það sérstaklega.

*Heimæðargjöld í dreifbýli.*

Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðargjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðargjöld til annarra nota.

<i>Sverleiki pípu</i>	<i>Viðmiðunarstærð húsnæðis</i>	<i>Kr.</i>	<i>Með 11% vsk.</i>	<i>Með 24% vsk.</i>
20 - 25 mm	allt að 1.200 m <sup>3</sup>	1.385.670	1.538.094	1.718.231

Ef um sverari heimæðar er að ræða skal semja um það sérstaklega.

**Lengdargjald.**

*Lengdargjald í þéttbýli*, greitt skal fyrir hvern metra umfram 25 metra innan lóðarmarka 6.330 kr./m.

*Lengdargjald í dreifbýli*, greitt er frá stofnlögn að tengistað heimæðar að frádregnum 50 metrum 6.330 kr./m.

Nú eru fleiri en eitt hitakerfi í húsi með sérstökum mælum frá HEF og skal þá greiða 34.400 kr. í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Sé sameiginleg heimæð lögð í parhús þó þannig að lögnin sé klofin utan við útvegg og sérstök tengigrind komi í hvora íbúð skal greiða 96.480 kr. í aukagjald.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er upp að hluta er heimilt að fella niður heimæðargjald af þeim hluta hússins sem ekki er hitaður. Verði breyting á starfsemi í slíku húsi þannig að farið verði að hita það allt upp þá er allt heimæðargjaldið gjaldfallið skv. gjaldskrá þess tíma sem breytingin á sér stað.

## 9. gr.

Heimæðargjald skal greitt samkvæmt gjaldskrá. Eigandi fær upplýsingar um heimæðargjald eftir að umsókn um heimæð hefur borist. Heimæðargjald skal greitt áður en vinna við lagningu hefst.

## 10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. HEF er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari í samræmi við breytingar á áðurnefndri vísitölu, enda sé breytingin staðfest af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu hverju sinni.

## 11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

## 12. gr.

HEF hefur rétt til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Séu fleiri en einn notandi í húsi með sameiginlega heimæð og hitakerfi skerðir það ekki rétt HEF til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins ef einn þessara aðila vanrækir greiðslur þó reikningum sé skipt á notendur.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a.m.k. 3ja daga fyrirvara, innheimtugjald vegna vanskila notanda 3.010 kr. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur 5.300 kr. í hvert sinn.

## 13. gr.

Einungis starfsmönnum HEF er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar. Eftirlitsmanni HEF skal hvenær sem er heimill aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

## 14. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af stjórn HEF og sett samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. janúar 2021 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 1262/2019.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. desember 2020.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Hreinn Hrafnkelsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2020